

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 166/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/296 frá 20. febrúar 2019 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikipjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 5cuc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32019 R 0296:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/296 frá 20. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/296, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 4.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING